



**Skaðlegar leirsteindir í steinefni fyrir klæðingar: Ferðalag til að finna bestu greiningaraðferðirnar - Áfangaskýrsla 1. Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Hafdís Eygló Jónsdóttir og Erla María Hauksdóttir. Mannvit hf. og Vegagerðin – febrúar 2023.**

Ágrip skýrsluhöfunda:

Safnað hefur verið steinefnasýnum úr fimm námum og hlutsýni útbúin úr efni sem hefur farið í viðloðunarpróf. Tveimur aðferðum með bláma litarefni var beitt; Þunnsneiðar af steinefnakornum voru litaðar með litarefninu; og staðlað blámapróf var gert á fínefnum. Jafnframt voru skaðlegar leirsteindir greindar í röntgengreini (XRD). Fyrirliggjandi niðurstöður gefa tilefni til að halda áfram þessum rannsóknum og þá einkum með ólitaðar og litaðar þunnsneiðar í bergfræðismásjá. Markmiðið er að fá betri innsýn í hvaða fasar litast og dreifingu þeirra.

*Lesendum er einnig bent á áfangaskýrslurnar "Eru smektít og ættingjar óvinir viðloðunarefna?".*